



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Engjaborg

2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Mat á starfi Engjaborgar 2024-2025	4
2.1	Ytra mat.....	4
2.2	Innra mat.....	5
2.1	Innra mat Vesturengi 2024-2025	6
2.1.1	Styrkleikar Vesturengi.....	6
2.1.2	Tækifæri Vesturengi	6
2.2	Norðurengi 2024 -2025.....	7
2.2.1	Styrkleikar Norðurengi.....	7
2.2.2	Tækifæri Norðurengi	7
2.3	Innra mat Austurengis 2024-2025	8
2.3.1	Styrkleikar Austurengi	8
2.3.2	Tækifæri Austurengi	8
2.4	Innra mat Suðurengis 2004-2025.....	9
2.4.1	Styrkleikar Suðurengi.....	9
2.4.2	Tækifæri Suðurengi.....	9
3	Umbótaáætlun 2024-2025	10
3.1	Umbótaáætlun Engjaborgar 2025-2026	10
3.2	Unnið með Námskrá Engjaborgar 2025-2026.....	12
3.3	Umbótaáætlun Vesturengis og Norðurengis:	13
3.4	Umbótaáætlun Austurengis.....	15
3.5	Umbótaáætlun Suðurengis	16
4	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt.	17
5	Samstarfi Engjaborgar, Engjaskóla og Brosbæjar.....	17
6	Foreldrasamvinna.....	17
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
8	Fylgiskjöl	18





1 Greinargerð leikskólastjóra

Á þessu leikskólaári sem senn er að líða kom út ný skólanámskrá Engjaborgar. Öll starfsþróun og allt faglegt starf undanfarin ár hefur litast af því að finna hvað við viljum hafa í námskránni og hvernig við viljum gera hlutina hér í Engjaborg. Við höfum oft snúið starfinu á „hvolf“ til að finna nýjar leiðir og má með sanni segja að starfsfólk er orðið ansi lunkið í að innleiða breytingar og meta þær. Það að skólanámskrá sé tilbúin markar stór tímamót, innleiðingu og þróunarstarfi er lokið og nú er það eftirfylgni og endurmat sem fer af stað. Við erum búin að finna leiðirnar okkar, leiðir sem við teljum leiða til farsæls leikskólastarf með börnum, foreldrum og starfsfólki Engjaborgar. Áhugasamir geta nálgast námskránni á heimasíðunni <https://reykjavik.is/engjaborg>. Tekið skal fram að námskráin hefur ekki verið samþykkt af Skóla – og frístundaráði. Næstkomandi leikskólaár ætlum við að einbeita okkur að því að festa í sessi nýju námskrána okkar og einkennir það þessa starfsáætlun. Við höfum leyft okkur að breyta uppsetningu starfsáætlunarinnar í samræmi við þá vinnu og þau verkefni sem henni tengjast.

Við eignuðumst líka nýtt lógó og prýðir það forsíðu þessarar starfáætlunar. Lógóið hannaði Veronika sem er starfsmaður í Engjaborg. Lógóið er mynd frá barni sem hefur verið í Engjaborg ásamt gildum okkar. Börn og starfsfólk kusu litinn á myndinni og fyrir valinu varð liturinn sem er utan á húsinu okkar, litur sem mörgum finnst vera litur Engjaborgar. Við ætlum að nota lógóið við öll tækifæri. Á síðasta leikskólaári hætti Brynja sem aðstoðarleikskólastjóri. Hún hefur verið aðstoðarleikskólastjóri í Engjaborg í 23 ár. Brynja hætti þó ekki í Engjaborg heldur fór að sinna börnum sem njóta stuðnings. Fyrir hönd Engjaborgar þakka ég Brynju fyrir hennar framlag til Engjaborgar.

Í stöðu aðstoðarleikskólastjóra var Anna ráðin og byrjaði hún í desember. Anna passar vel í starfsmannahópinn og hefur strax sett lit sinn á starfið í Engjaborg.

Í lok leikskólaársins fannst raki á skrifstofu leikskólastjóra sem olli því að farið var í gegnum alla innanstokksmuni í Engjaborg og öllum húsgögnum sem sá á fargað, sumt frá upphafi og orðið 30 ára. Smám saman söfnum við okkur nýjum húsgögnum og leikefni og ætlum að vanda valið sérstaklega vel þannig að allt sem kemur nýtt inn passi við það starf sem við stöndum fyrir.

Teymin hafa verið virk þetta leikskólaárið og starfsfólk farið að skilja tilgang þeirra og hlutverk sitt innan teymis og gagnvart deildinni sinni. Sem dæmi um vinnu í teyminum þá er eitt af teyminum málræktarteymi. Málræktarteymi lagði til að í Engjaborg yrði sérstakur málræktarmánuður þar sem lögð væri áhersla á hljóðkerfivitund. Búið var til dagatal með áherslu atriðum og leiðbeiningum fyrir starfsfólk. Málræktarmánuður þótti takast vel og það starfsfólk um annan slíkan mánuð eftir áramót. Nú setjum við fasta málræktarmánuði í leikskóladagatalið okkar.

Litlar breytingar hafa verið í starfsmannahópnum okkar nema deildarstjórum. Einn deildarstjóri hætti vegna aldurs, einn fór í fæðingarorlof og einn fór til annarra starfa. Við þökkum þeim fyrir samstarfið og óskum þeim velfarnaðar. Í stað þessara deildarstjóra hafa afleysingar komið sterkar inn og staðið sig vel í margslungnu starfi deildarstjóra.

Við höfum þetta árið lagt mikla áherslu á að allt starfsfólk geri skráningar og hafa verið reglulegir skráningafundir þar sem byrjendur fengu kennslu en þeir sem lengra er komnir eru hvattir til dádá. Þessu ætlum við að halda áfram á næsta skólaári og leggja þá áherslu á samvinnu og að allir geti lagt sitt að mörkum í skáningagerð, einn getur tekið myndir og annar skrifað textann, samvinna með skráningar gera þær fjölbreyttari og fleiri sýna hvað í þeim býr.

Undanfarin ár hafa deildir verið aldurskiptar en vegna samsetningar barnahópsins veturinn 2025-2026 verður þessu breytt og engin deild verður aldurshreinn. Elstu börnin vera bæði á Vesturengi og Norðurengi og þau yngstu á Suðurengi. Ljóst er að vegna þess verðum við að breyta áherslum á deildum, en starfsfólk Engjaborgar er lagið við að finna leiðir þar sem að öll börn fá að nota styrkleika sína og sinna sínu áhugasviði. Við ætlum að vanda okkur við þetta og tryggja að allir upplifi að þeir tilheyri deildinni sinni, eigi þar góða vini, hafi þar hlutverk og geti gefið af sér þannig að allir fái að blómstra á sínum forsendum.

Pála Pálsdóttir





2 Mat á starfi Engjaborgar 2024-2025

2.1 Ytra mat

Bæði var gerð starfsmannakönnun og foreldrakönnun þetta skólaárið og eru helstu niðurstöður hér fyrir neðan.

Hvað var metið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Gerð var skoðanakönnun á netinu meðal starfsfólks október – desember 2024.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Öllu starfsfólki var boðið að taka þátt og völdu 50% starfsfólk að gera það. Það var álit starfsfólks að könnunin væri of löng og þegar það spurðist út dró það úr áhuga fólks á þátttöku.
Helstu niðurstöður mats	Spurt var um níu þætti og skoraði Engjaborg hærrí en meðaltal í öllum þáttum könnunarinnar nema þar sem spurt er um launkjör. Heildarmat Reykjavíkurborgar er 4,13 en hjá Engjaborg 4,43. Þættirnir stjórnun, ánægja og stolt og ímynd eru hæðst þættirnir en launkjör er lægst og vinnuskilyrði næst lægst. Niðurstöðu voru kynntar á skipulagsdegi 11. apríl og skálað fyrir góðum niðurstöðum í lok dags. Á skipulagsdeginum voru góðar umræður um niðurstöðurnar, ákveðið var að áhersla næsta skólaárs út frá þessari könnun verði þættir sem heyra undir vinnuskilyrði það er Hljóðvist, Loftgæði og Tölvu og tækjabúnaður.

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Gerð var skoðanakönnun meðal foreldra barna í Engjaborg í mars – apríl 2025.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Svarhlutfall var 82,8%
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Spurt var um sex meginþætti og skoraði Engjaborg yfir meðalagi í þeim öllum. Í þættinum „Barninu líður vel“ voru 97.9% jákvæðir, „Barnið er öruggt“ var skorið 100%, þá sama á við „Leikskólinn styður við þarfi barns“, „notalegt andrúmsloft“ og „ánægja foreldra með leikskólann“. 97.8% töldu „leikskólanum vel stjórnað“. Foreldrar barna sem njóta viðbótar stuðning fengur svo auka spurningar þar sem allir sem svöruðu telja að tekið hafi verið heilstætt á málum barnsins síns. Ef við skoðum þessar niðurstöður þykir okkur ekki þörf á að setja neitt í umbætur og höfum vilja til að halda áfram að setja vellíðan barna í fyrsta sæti og sjá til þess að börn séu glöð og ánægð í Engjaborg.



2.2 Innra mat

Eins og áður nýttum við okkur símat þar sem allt starfsfólk kom að matinu, notaðir voru starfsmannafundir, deildarfundir, stjórnteymisfundir, teymisfundir og fundaraðir til þess. Verkefni voru metin og strax farið í umbætur.

Gerðar voru skráningar á deildum á leik og námi barna og settar í ferilmöppur. Unnar voru flæðibækur sem sýna verkefni sem unnin voru.

Unnið var með gátlista menntastefnunnar. Hver listi var 6 vikur og í upphafi tímabils var farið yfir þá á deildarfundum og gerð umbótaáætlun eftir það og svo endurmetið eftir 6 vikur.

Þetta ætlum við að gera aftur næsta leikskólaár.

Barnateymi hittist einu sinni í mánuði og fóru umbætur frá því í námskrá Engjaborgar.

Foreldrar voru spurðir hvað þeim fyndist að börn ættu að læra í leikskóla og hvað sé best við Engjaborg niðurstöður þess má sjá í námskránni.

Könnun var gerð meðal starfsfólks á málörvunarmánuði og lagi mánaðarins og niðurstöður notaðar til umbóta strax.

Næsta leikskólaár verður kastljósið á námskránni og verður innra mat aðallega tengt henni.



2.1 Innra mat Vesturengi 2024-2025

2.1.1 Styrkleikar Vesturengi

Þátttaka barna: Það voru gerð hin ýmsu hlutverk og verkefni sem börnin tóku þátt í. Börnin komu með hugmyndir af verkefnum og hlutverkum sem að þau framkvæmdu svo. Börnin voru mjög áhugasöm og fannst þetta gaman.

Flæðibækur: Mikill áhugi var á gerð Flæðibókar og allir starfsmenn deildar tóku þátt. Öll börn tóku einnig þátt og voru stolt af afrakstrinum. Flæðibókin hangir fyrir framan deild.

Opinn leikefni/einingakubbar: Einingakubbum var gefið meira rými á deildinni og starfsfólk deildar fékk fræðslu um efniviðinn. Opinn efniviður sem hægt var að nota sem ítarefni með kubbum var aukinn og börnin eyddu meiri tíma í leik í kubbum en áður.

Sjálfsprotinn leikur: Mikil áhersla var lögð á sjálfsprottinn leik. Gerð voru auka rými til þess að betra næði fengist fyrir leikinn og aukið við efnivið eftir þörfum fyrir þróun leikskins. Börnin eyddu miklum tíma í sjálfsprottnum leik sem jók jákvæð samskipti og inngildingu.

2.1.2 Tækifæri Vesturengi

Málrækt: Það væri kjörið tækifæri að auka við sögugerð og sögustundir. Einnig mætti vinna meira með orðaspjall og efnivið sem að styrkir hljóðkerfisvitund.

Flæðibækur: Setja mætti inn ákveðnar flæðibóka-stundir til þess að auka gerð flæðibóka og hvetja allt starfsfólk í þátttöku og vinna meira með áhugasvið barna.

Opið leikefni/einingakubbar: Einingakubbum verður gefið meira rými fyrir flóknari byggingar sem geta fengið að standa áfram og þróast í lengri tíma. Einnig hvetjum við börnin til þess að nýta opinn efnivið með einingarkubbum.





2.2 Norðurengi 2024 -2025

2.2.1 Styrkleikar Norðurengi

Málrækt: Sögustundir, ný bók var valin í hverri viku sem bók vikunnar. Bók vikunnar er lesin samkvæmt Orðaspjallsaðferðinni. Orð valin og rædd með börnunum. Orðin er sett í Orðaskjóðu sem er fyrir framan deildina svo foreldrar geti fylgst með. Orðaskjóðan er full af nýjum orðum.

Flæðibækur: Mikill áhugi var á gerð Flæðibókanna og allir starfsmenn deildar tóku þátt. Ákveðnar stundir fyrir bækurnar þannig að öll börnin gátu tekið þátt í þeim reglulega. Börnin voru áhugasöm og margar flottar Flæðibækur sem hanga fyrir framan deildina eru afrakstur þessa verkefnis.

Opinn efniviður/einingakubbar: Einingakubbum var gefið meira rými á deildinni og starfsfólk deildar fékk fræðslu um efniviðinn. Opinn efniviður sem hægt var að nota með kubbum var aukinn og börnin eyddu meiri tíma í leik í kubbum en áður. Einingakubbarnir eru núna notaðir flesta daga.

Heilbrigði: Gönguferðum var fjölgað á deildinni og yfirleitt var farin ferð í hverri viku. Foreldrar lýstu ánægju sinni með vettvangsferðirnar og börnin biðu spennt eftir þeim. Börnin æfðu slökun í samverustundum og fengu fræðslu um tannburstun, hollan mat, handþvott o.fl.

2.2.2 Tækifæri Norðurengi

Málrækt: Fjölgun sögustunda og lestur með Orðaspjallsaðferðinni hafa gengið vel og ætlum við að halda áfram með þessar stundir.

Flæðibækur: Skipulegar Flæðibóka-stundir verða áfram og við hvetjum allt starfsfólk að vera virkt í þessu verkefni.

Opið leikefni/einingakubbar: Við hvetjum börnin í leik í einingakubbum og ætlum að setja reglulega inn áhugaverðan efnivið sem hægt er að nota með kubbum.

Heilbrigði: Við erum sátt með átakið í heilbrigði en ætlum að auka umræðu um heilbrigði á deildinni.

Opið leikefni/listsköpun: Við ætlum að halda áfram að setja inn nýtt efni til sköpunar reglulega og jafnvel að stækka svæðið enn frekar ef áhuginn í listinni heldur áfram að vera svona mikill.



2.3 Innra mat Austurengis 2024-2025

2.3.1 Styrkleikar Austurengi

Leikefni: Búið er að breyta og endurnýja mikið af efnivið og skipulag á deildinni

Flæðibækur: gerðar hafa verið flæðibækur en ekki allt starfsfólk virkt í að gera skráningar

Sjálfsprottinn leikur: börnin hafa mörg tækifæri til sjálfsprotts leiks og oft er deildinni breytt eftir því hvernig leikurinn er og kveikjur settar reglulega til að dýpka leikinn.

2.3.2 Tækifæri Austurengi

Málrækt: Gera þarf meira til að efla orðaforða barnanna og vinna með.

Skráningar: Það voru gerðar flæðibækur en ekki eins markvisst unnið í ferilmöppum og við þurfum að samræma innihald flæðibóka og ferilmappa.

Leikefni: Enn er hægt að finna efnivið til að efla og styðja við leik barnanna.



2.4 Innra mat Suðurengis 2004-2025

2.4.1 Styrkleikar Suðurengi

Málrækt: samverustundir ganga vel og börnin áhugasöm um það sem fram fer. Í samverustundum er unnið með málhljóðin hans Lubba, talað um samskipti með hjálp Blæs, verið að telja, fara yfir málefni líðandi stundar, margskonar fræðsla og sungið. Það er áberandi hversu lengi og áhugasöm svona ung börn eru í samverustundum.

Jóga: farið er tvisvar í viku í jóga og börnin eru mjög áhugasöm og taka virkan þátt.

Hreyfing: börnin fá bæði tíma og rými til að hreyfa sig allan daginn, þau geta notað líkaman í sjálfsprottna leiknum og oft eru gripin tækifæri til skipulagðra stunda sem börnunum finnast skemmtilegar.

2.4.2 Tækifæri Suðurengi

Málrækt: við myndum vilja vera með fleiri málhljóð yfir veturinn.

Skráningar: Þegar það eru ákveðin verkefni sem verið er að vinna með og gerðar flæðibækur er alltaf sama starfsfólkið sem gerir skráningarnar.

Leikefni: Auka þarf efnivið fyrir börnin og fara yfir það sem til er og velja vel það sem kemur nýtt inn.





3 Umbótaáætlun 2024-2025

3.1 Umbótaáætlun Engjaborgar 2025-2026

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Snerpusamtöl
Tækifæri til umbóta	Gera þarf snerpusamtöl markvissari og nýta niðurstöður betur
Aðgerðir til umbóta	Innihald, tíðni og úrvinnsla verður endurmetin
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október – maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Í maí endurmetið á starfsdegi

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Tölvur og tækjabúnaður
Tækifæri til umbóta	Hafa aðgengilegan tækjabúnað fyrir þá sem þurfa
Aðgerðir til umbóta	Farið yfir tækjabúnað og undirbúningsherbergi og aðgengi starfsfólks gert betra
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þetta verður gert í september
Hvenær og hvernig á að meta?	Í næstu stafsmanakönnun

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Skipulögð vinnubrögð (Teacch)
Tækifæri til umbóta	Fjölbreyttari starfsaðferðir fyrir börn með þroskafrávik
Aðgerðir til umbóta	Fræða og þjálfar starfsfólk í skipulögðum vinnubrögðum Nota betur sjónrænt skipulag
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í október og lýkur apríl
Hvenær og hvernig á að meta?	Byrjar í september og endurmetið í janúar. Starfsfólk í stuðningsteymi metur



Engjaborg	
Umbótaþáttur	Snemmtækur stuðningur
Tækifæri til umbóta	Allt starfsfólk Engjaborgar þekki og vinni út frá sömu starfsaðferðum með öllum börnum
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla á starfsdögum og á deildarfundum og eftirfylgd með leiðsögn
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og lýkur í maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í nóvember og mars og á starfsdögum með starfsfólk og í lausnaleit með deildarstjórum

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Loftgæði
Tækifæri til umbóta	Bæta þarf loftgæði
Aðgerðir til umbóta	Skoða hvað við getum gert sjálf til að bæta loftgæði, er eitthvað í starfsemi okkar eða í umhverfi okkar sem við getum breytt þannig að loftgæði verði betri
Ábyrgð	Leikskólastjóri – aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September – nóvember
Hvenær og hvernig á að meta?	Næsta starfsmannakönnun

Engjaborg	
Umbótaþáttur	Hljóðvist
Tækifæri til umbóta	Bæta hljóðvist
Aðgerðir til umbóta	Skoða hvað við getum gert sjálf til að minna hávaða, er eitthvað í starfsemi okkar eða í umhverfi okkar sem býr til hávaða sem við getum minnkað
Ábyrgð	Leikskólastjóri - aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember - janúar
Hvenær og hvernig á að meta?	Næsta starfsmannakönnun





3.2 Unnið með Námskrá Engjaborgar 2025-2026

Úr námskrá	Dagsetning	Viðbætur	Ábyrgð
Fjölskyldan og Engjaborg	Deildarfundum í lok ágúst	nýtt aðlögunarplan foreldrahandbók	Deildarstjórar Verkefnastjóri
Uppeldisfræðileg stefna Engjaborgar	5. september		Stjórnendateymi
Námsleiðir Engjaborgar	5. september	Leiðir Engjaborgar settar fram á aðgengilegan og sjónrænan hátt	Aðstoðarleikskólastjóri
Samstarf og samskipti í Engjaborg	5. september	Farið yfir samskiptasáttmála Engjaborgar Málstefna Engjaborgar	Leikskólastjóri
Upplýsingar um Engjaborg, Inngangur, Ytri rammi leikskólastarfsins	Allir lesa í september og október		Leikskólastjóri
Sjálfsþing – markmið	Deildarfundur í september		Deildarstjórar
Mat á leikskólastarfi	Skráningafundir í okt	Innihald ferilmappa og flæðibóka	Matsteymi
Flæðandi og samþætt leikskólastarf	2. október		Deildarstjórar
Vínátta – markmið	Deildarfundur í okt		Deildarstjórar
Málrækt - markmið	Deildarfundur í nóv	Búa til læsisáætlun	Málræktarteymi
Inngildandi leikskólastarf	Deildarfundur með sérkennslustjóra/tengilið í janúar	Lausnaleit endurmetin	Sérkennslustjóri
Samstarf og tengsl á milli skólastiga Hefðir og venjur	17. apríl		Aðstoðarleikskólastjóri



3.3 Umbótaáætlun Vesturengis og Norðurengis:

Vesturengi og Norðurengi	
Umbótaþáttur	Málrækt
Tækifæri til umbóta	Efla málrækt
Aðgerðir til umbóta	Unnið verður með Orðaspjall (bók vikunnar, orð vikunnar), Sögugrunnurinn og með hljóðkerfisvitund eftir árgöngum í samstarfi þvert á deildar.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september -metið af starfsfólki í desember og þá er gerð ný áætlun og fundnar nýjar leiðir til að meta.
Hvenær og hvernig á að meta?	Í desember og metið á deildarfundum, samráðsfundi deildarstjóra og stjórnteymisfundum

Vesturengi og Norðurengi	
Umbótaþáttur	Skráningar
Tækifæri til umbóta	Allt starfsfólk taki þátt í að gera skráningar í ferilmöppur og flæðibækur
Aðgerðir til umbóta	Gert verði plan um hver gerir hvaða skráningu og því fylgt eftir
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Gátlisti yfir skráningar, farið yfir lista í nóv, jan og mars

Vesturengi og Norðurengi	
Umbótaþáttur	Leikefni
Tækifæri til umbóta	Að börnin fái mörg tækifæri til að virkja ímyndunarafl sitt
Aðgerðir til umbóta	Boðið verður reglulega upp á nýtt leikefni og fundnar kveikjur sem gefa börnum tækifæri til að dýpka leik sinn. Áhersla verður lögð á einingakubba. Gott svæði fyrir kubbana, reglulega settur inn opinn efniviður með þeim og fræðsla um kubbana fyrir börnin og starfsfólk. Deildir fari reglulega yfir leikefni og skipti jafnvel á milli.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í október og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Gerðar verða skráningar um leikefni deildanna og skráningar skoðaðar með barnateymi, foreldrum í foreldrasamtölum og starfsfólki í nóv, jan og mars



Vesturengi og Norðurengi	
Umbótaþáttur	Þátttaka barna
Tækifæri til umbóta	Að börnin taka virkan þátt í starf leikskólans
Aðgerðir til umbóta	Að finna til margvísleg hlutverk fyrir börnin að sinna.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október og út leikskólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Í barnateymi og á deildarfundum einu sinni í mánuði og deildarstjórasamráði einu sinni í mánuði

Vesturengi og Norðurengi	
Umbótaþáttur	Heilbrigði
Tækifæri til umbóta	Að börnin upplifi áhrif næringar, hreyfingar og slökunar á eigin líðan
Aðgerðir til umbóta	Fræðsla reglulega í samverustundum um heilsu almennt. Slökunarstundir og hugað að hljóðvist. Nýta þær aðferðir sem við lærum á starfsdegi hjá Hugarfrelsi
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október – júní
Hvenær og hvernig á að meta?	Flæðibækur, Barnateymi og deildarfundum og samráðsfundum deildarstjóra í des, feb og maí

Vesturengi og Norðurengi	
Umbótaþáttur	Félagsfærni og samkennd
Tækifæri til umbóta	Auka samkennd og að börn skilji hvernig maður setur sig í spor annarra. Áhersla á jákvæð og virðingu í samskiptum
Aðgerðir til umbóta	Með þátttöku barna í hinum ýmsu verkefnum. Samvinnuverkefni unnin þar sem börnin finna saman lausnir á málum. Fræðsla og umræður um samskipti þar sem Blær hjálpar til.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október – júní
Hvenær og hvernig á að meta?	Gerðar verða skráningar og flæðibækur og metið í barnateymi, deildarfundum og samráði deildarstjóra okt, feb og apríl





3.4 Umbótaáætlun Austurengis

Austurengi	
Umbótaþáttur	Málrækt
Tækifæri til umbóta	Auka orðaforða barna
Aðgerðir til umbóta	Unnið verður með bókina „Orð eru ævintýri“ í samverustundum ásamt Lubba og Blæ.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september – metið af starfsfólki í desember og þá gerð ný áætlun og fundnar nýjar leiðir til að meta.
Hvenær og hvernig á að meta?	Desembermat er á deildarfundi og stjórnendateymisfundi.

Austurengi	
Umbótaþáttur	Skráningar
Tækifæri til umbóta	Allt starfsfólk taki þátt í að gera skráningar í ferilmöppur
Aðgerðir til umbóta	Gert verði plan um hver gerir hvaða skráningu og því fylgt eftir
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrjar í september og er allt skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Gátlisti yfir skráninga, farið yfir lista í nóv, jan og mars

Austurengi	
Umbótaþáttur	Leikefni
Tækifæri til umbóta	Að börnin fái tækifæri til að virkja ímyndunarafl sitt
Aðgerðir til umbóta	Boðið verði reglulega upp á nýtt leikefni og fundnar kveikjur sem gefa börnin tækifæri á að dýpka leik sinn.
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Í október og úr skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta?	Gerðar verða skráningar um það leikefni sem boðið er upp á skráningar skoðaðar með barnateymi, foreldrum í foreldrasamtölum og starfsfólki í nóv, jan og mars



3.5 Umbótaáætlun Suðurengis

Suðurengi	
Umbótaþáttur	Málrækt
Tækifæri til umbóta	Fjölga máhljóðum Lubba
Aðgerðir til umbóta	Tekin verða þrjú máhljóð fyrir áramót og þrjú eftir áramót
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október – maí
Hvenær og hvernig á að meta?	Gert verður plan til að fara eftir og rætt á deildarfundum einu sinni í mánuði.

Suðurengi	
Umbótaþáttur	Skráningar
Tækifæri til umbóta	Allt starfsfólk komi að skráningum og gerð flæðibóka
Aðgerðir til umbóta	Skipt verður á milli starfsfólks hver á að gera hvað, starfsfólk verður aðstoðað með það sem það er óöruggt með eða kann ekki
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október og endurskoðað í janúar
Hvenær og hvernig á að meta?	Á deildarfundum í nóv, jan og mars og starfsmannasamtölum

Suðurengi	
Umbótaþáttur	Leikefni
Tækifæri til umbóta	Að auka opið leikefni á deildinni og velja af kostgæfni það sem er á deildinni
Aðgerðir til umbóta	Farið yfir það leikefni sem er á deildinn það metið, markvist lagt inn nýtt leikefni
Ábyrgð	Deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember – mars
Hvenær og hvernig á að meta?	Búið verður að fara yfir allan efnivið og meta hann farið yfir í nóv, jan og mars. Ferilbækur endurspegli fjölbreytt leikefni skoða í apríl



4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt.

Eins og áður hefur komið fram fer mestur tími sem ætlaður er til starfsþróunar í að efla starfsfólk í að vinna eftir Skólanámskrá Engjaborgar. Til viðbótar ætlar allt starfsfólk að horfa á fræðslu á Torginu Rétt líkamsbeiting: fyrir alla utan skrifstofunnar. Skyndihjálparnámskeið verður á skipulagsdegi og fyrirlestur frá Hugarfrelsi.

Snerpusamtöl verða endurmetin þ.e. innihald þeirra og tímalengd. Starfsþróunarsamtöl verða í maí.

5 Samstarfi Engjaborgar, Engjaskóla og Brosbæjar.

Í upphafi skólaárs gera Engjaborg, Engjaskóli og Brosbær áætlun um samstarf. Lögð er áhersla á að heimsóknir séu á báða bóga, þ.e. nemendur Engjaskóla koma í heimsókn í Engjaborg (sem er oft gamli leikskólinn þeirra) og elstu börnin í Engjaborg fara í heimsóknir í Engjaskóla og Brosbæ. Ákveðin verkefni eru unnin með leikskólabörnunum í Engjaskóla og þannig kynnast þau grunnskólanum og frístundaheimilinu smátt og smátt.

6 Foreldrasamvinna

Verið er eða vinna nýja áætlun um aðlögun og móttöku nýrra barna sem ráðgert er að verði tilbúin í haust og þá tekin í notkun. Í tilefni nýrrar námskrár Engjaborgar verður foreldrahandbók uppfærð í samstarfi við foreldraráð.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

	Dagskrá	Unnið með Námskrá Engjaborgar	
5. sept	Leikskólaárið undirbúið	Uppeldisfræðilega stefnu Engjaborgar, Námsleiðir Engjaborgar, Samstarf og samskipti í Engjaborg	
2. október	Hugarfrelsi fyrirlestur um Hugarfar – hvernig efla má jákvæða hugsun og val á viðhorfi	Flæðandi og samþætt leikskólastarf	Sameiginlegur í Austurmiðstöð
28. nóvember	Málefni líðandi stundar		Sameiginlegur í Austurmiðstöð
2. janúar	Málstefna Engjaborgar og Skyndihjálp	Samantekt á því sem búið er að gera vegna námskrár og gert áframhaldandi skipulag fyrir framhaldið.	
6. febrúar	Dagur leikskólans Málefni líðandi stundar		Sameiginlegur í Austurmiðstöð
17. apríl		Samstarf og tengsl á milli skólastiga og Hefðir og venjur	





8 Fylgiskjöl

- Fylgiskjal A** Umsöng foreldraráðs Engjaborgar
- Fylgiskjal B** Leikskóladagatal
- Fylgiskjal C** Matsáætlun

F. h. leikskólans Engjaborgar

Reykjavík 30. Júní 2025
Pála Pálsdóttir leikskólastjóri





Fylgiskjal A

Starfsáætlun 2024 – 2025 Engjaborg

Umsögn foreldraráðs Engjaborgar

Foreldraráð leikskólans skipa:

Agnes Björg Kristjánsdóttir
Hann Rún Ragnarsdóttir
Stella María Guðrúnardóttir
Valdís María Einarsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

- Við teljum áherslur starfsáætlunar samræmist vel því starfi sem við höfum séð að eigi sér stað innan leikskólans síðasta árið. Þar ber sérstaklega að nefna málræktarteymi og verkefni tengd því.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

- Starfsáætlunin er auðlesanleg, orðaval gott og aðgengi að upplýsingum skýrt. Umbótaáætlun deilda er vel sett upp og spennandi.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

- Við teljum að starfsáætlunin geti nýst foreldrum vel þar sem hún að okkar mati gefur góða mynd af því hvernig daglegri starfsemi í Engjaborg er háttað og upplýsingar um plön til umbóta fyrir næsta skólaár.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

- Engar athugasemdir frá foreldraráði

Fulltrúar í foreldraráði:

Agnes Björg Kristjánsdóttir

Hann Rún Ragnarsdóttir

Stella María Guðrúnardóttir

Valdís María Einarsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Foreldrakaffi	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagar	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 Þ	2 F Skipulagsdagur	2 S	2 Þ	2 F Skipulagsdagur	2 M	2 M Málræktarmánuður	2 F Skírdagur	2 L	2 Þ	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M Málræktarmánuður	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F Föstudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Frídagur verslunarmar	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 Þ	5 F Skipulagsdagur	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Páskadagur	5 Þ	5 F	5 S
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ Þrettándinn Vasalýðsadaur	6 F Skipulagsdagur	6 F	6 M Annar í Páskum	6 M	6 L	6 M
7 F Opnun eftir sumarleyfi	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L Dagur tónlistarskólan	7 L	7 Þ	7 F	7 S Sjómanna dagurinn	7 Þ
8 F	8 M Dagur læsis	8 M	8 L Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# Þ	# Þ	# F	# S	# M Skólasílit grunnskóla	10 F
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M Dagur íslenska táknmálsins	# M	# L	# M	# F	11 L
# Þ	# F	# S	# M	# F Jólaball	# M	# F	# F	# S	# Þ	# F	12 S
# M	# L	# M	# F	# L	# Þ	# F	# F	# M	# M	# L	13 M
# F	# S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# L Dagur stærðfræðinna	# Þ	# F Upptögnardagur	# S	14 Þ
# F	# M	# M	# L	# M	# F	# S	# S	# M	# F	# M	15 M
# L	# Þ Dagur íslenskrar nátt	# F	# S Dagur íslenskrar tung	# Þ	# F	# M Bolludagur	# M	# F Opið hús	# L	# Þ Skróðganga	16 F
# S	# M	# F	# M	# M	# L	# Þ Sprengidagur	# Þ	# F Skipulagsdagur	# S	# M Lýðveldisdagurinn	17 F
# M	# F	# L	# Þ	# F	# S	# M Öskudagur	# M	# L	# M	# F	18 L
# Þ	# F	# S	# M	# F Náttfatadagur bókaþió	# M	# F Skráningardagar	# F	# S	# Þ	# F	19 S
# M	# L	# M	# F Dagur mannréttinda	# L	# Þ	# F Skráningardagar	# F Hamingjudagurinn	# M	# M	# L	20 M
# F Útskrift elstu barna	# S	# Þ	# F	# S	# M	# L	# L	# Þ	# F	# S	21 Þ
# F Skólaþing grunnskóla	# M	# M	# L	# M	# F	# S Konudagur - upphaf	# S	# M	# F Umhverfis dagur	# M	22 M
# L	# Þ	# F	# S	# Þ Þorláksmessa	# F Bóndadagskaffi - upphaf Þorra	# M Konukaffi upphaf Góu	# M Alþjóða Downs dagur	# F Sumardagurinn fyrsti	# L	# Þ	23 F
# S	# M	# F Skráningardagur	# M	# M Aðfangadagur jóla	# L	# Þ	# Þ	# F	# S Hvítasunnudagur	# M	24 F
# M	# F	# L Fyrsti vetrardagur	# Þ	# F Jóladagur	# S	# M	# M	# L	# M Annar í Hvítasunnu	# F	25 L
# Þ	# F Evrópski tungumálad.	# S	# M	# F Annar í jólum	# M	# F	# F	# S	# Þ	# F	26 S
# M	# L	# M Skráningardagur	# F	# L	# Þ	# F	# F	# M	# M	# L	27 M
# F	# S	# Þ Skráningardagur	# F Skipulagsdagur	# S	# M	# L	# L	# Þ	# F	# S	28 Þ
# F	# M	# M	# L	# M Skráningardagur	# F		# S Pálmasunnudagur	# M	# F	# M	29 M
# L	# Þ	# F	# S	# Þ Skráningardagur	# F		# M Skráningardagur	# F	# L	# Þ	30 F
# S		# F Hrekkjavaka		# M Gamlársdagur	# L		# Þ Skráningardagur		# S		31 F

Í reglum um leikskólalápnústu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagar í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þeirra. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga.

Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.